

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120/1965*  
*komudagur 9/5 1996*

Reykjavík 7. maí 1996.  
EJ/bh

### Til borgarráðs.

Athygli yðar er hér með vakin á meðfylgjandi frumvarpi um breyting á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, sem nýlega var lagt fram á Alþingi, sbr. einkum 1. og 3. gr. frumvarpsins og það, sem fram kemur í athugasemdum við þær greinar.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins má ætla, að það hlutverk, sem áformað er að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hljóti að orka tvímælis og kunni að hafa fordæmisgildi, er geti leitt til þess að sambandið verði í auknu mæli umboðsaðili ríkisvaldsins.

Í 105. gr. sveitarstjórnarlaga segir, að ríkisvaldið viðurkenni Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara sveitarfélaga í landinu, en aðild sveitarfélaganna að sambandinu er eftir sem áður frjáls.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um yfirfærslu eignarhluta ríkisins í skólahúsnæði til sveitarfélaganna eins og nánar er vikið að í athugasemdum við frumvarpið, en þar segir enn fremur:

"Í viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga um flutning grunnskólans hafa fulltrúar sveitarfélaga sótt fast að fá full yfirráð yfir og ábyrgð á skólahúsnæði. Af hálfu ríkisins hefur verið bent á ýmsar aðrar eignir sem eru í sameign og æskilegt væri að gera upp með svipuðum hætti, t.d. heilsugæsluhúsnæði. Fulltrúar sveitarfélaga hafa lýst sig reiðubúna til að beita sér fyrir samsvarandi tilfærslu á eignarhluta sveitarfélaga til ríkisins í anda bókkunar á fundi verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans 10. apríl 1996:

"Verði framangreind breyting á lögum um grunnskóla telur Samband íslenskra sveitarfélaga eðlilegt að sambærileg yfirfærsla til ríkisins eigi sér stað á eignarhlut sveitarfélaga í húsnæði heilsugæslu og framhaldsskóla. Þetta er þó háð því að lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um framhaldsskóla verði breytt þannig að kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva og framhaldsskóla verði að fullu greiddur úr ríkissjóði og þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaðarframlögum þar með afnuminn".

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins er sett fram til að taka af skarið um vilja ríkisins varðandi skólahúsnæði í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga og í trausti þess að

svipuð regla verði viðhöfð t.d. varðandi eignarhlut sveitarfélaga í heilsugæslustöðvum og framhaldsskólum".

Sveitarfélögin eiga mjög ólíkra hagsmuna að gæta, komi til þeirrar yfurfærslu eigna frá sveitarfélögum til ríkis, sem hér er lýst. Nokkur þeirra, þ.á.m. Reykjavíkurborg, hafa lagt mikið fé til umræddra mannvirkja, en mörg önnur lítið sem ekkert.

Það getur ekki verið á valdi annarra en hlutaðeigandi sveitarstjórna að taka afstöðu til þess afsals eigna, sem hér um ræðir.

Eggert Jónsson